

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 103/2000

frá 30. nóvember 2000

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2000 frá 2. október 2000⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/3/EB frá 22. febrúar 2000 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 77/541/EBE öryggisbelti og aðhaldsbúnað í vélknúnum ökutækjum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Í kjölfar aðildar Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar að Evrópusambandinu er nauðsynlegt að breyta aðlögunarliðunum við tilskipun ráðsins 77/541/EBE frá 28. júní 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi öryggisbelti og aðhaldsbúnað í vélknúnum ökutækjum.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 315, 14.12.2000, bls. 7 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 59, 14.12.2000, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 53, 25.2.2000, bls. 1.

1. gr.

32. lið (tilskipun ráðsins 77/541/EBE) í I. kafla í II. viðauka við samninginn skal breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„- **32000 L 0003:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/3/EB frá 22. febrúar 2000 (Stjttíð. EB L 53, 25.2.2000, bls. 1).“

2. Í stað aðlögunartextans komi eftirfarandi:

„Í III. viðauka bætist eftirfarandi við lið 1.1.1:

„IS fyrir Ísland

FL fyrir Liechtenstein

16 fyrir Noreg“.

2. gr.

Texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2000/3/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 30. nóvember 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

G. S. Gunnarsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P. K. Mannes

E. Gerner